

varnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1940.

Nr. 6/1940. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. jan. 1940.

Ár 1940, föstudaginn 19. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánsyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1969/1939: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, sem tekið var til dóms daginn áður.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, verkamanni, Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1927 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.

1933 $1\frac{1}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $2\frac{1}{2}$ Dómur hæstaréttar: 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $1\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 kr. skaðabætur.

1934 $2\frac{1}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvifni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $2\frac{1}{2}$ 1935.

1934 $2\frac{1}{10}$ Dómur hæstaréttar: fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.

1934 $\frac{5}{12}$ Sætt: 100 kr. sekt fyrir slagsmál.

1935 $1\frac{1}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.

1935 $\frac{7}{8}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.

1936 $\frac{9}{10}$ Sætt: 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1936 $3\frac{1}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna.

1937 $1\frac{1}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 1000 kr. sekt

og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{11}$ 1938.

- 1937 $2\frac{3}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 kr. sekt og sviptur ökuleyfi æfilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{6}$ 1938.
- 1938 $1\frac{3}{4}$ Sætt: 30 króna sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 105/1936, 3. gr., um skotvopn o. fl.
- 1938 $3\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir brot gegn 15. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33/1935. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{12}$ 1938.
- 1938 $2\frac{1}{6}$ Kærður af Mariu Guðmundsdóttur fyrir árás. Visað til barnaverndarnefndar til athugunar.
- 1938 $1\frac{1}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{12}$ 1938.

Með játningu kærða er sannað, að hann hefir stundað áfengissölu á heimili sínu frá því um miðjan ágúst s. l. og fram að þessu. Hefir hann einungis selt brennivín hinum og öðrum, sem til hans hafa komið og eftir því falazt. Hefir hann selt brennivín bæði í óáteknum flöskum og niðurskipt í pela og hefir álagning á flöskuna verið kr. 2.50—3.00. Á þessu tímabili telur hann sig hafa selt 3—5 heilflöskur á dag til jafnaðar.

Með þessu hefir kærði brotið 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr. 1. og 2. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og greiði 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi

í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1940.

Nr. 76/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**

(Theódór B. Línal)

gegn

Jóni Bjarnasyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skuldamál. Aðildareiður dæmdur.

Dómur hæstaréttar

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af lögmanninum í Reykjavík Birni Þórðarson.

Áfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 11. júlí 1938 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 266.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. maí 1934 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að úrslit málsins verði látin velta á eiði stefnda og málskostnaður í héraði þá látinn falla niður, en stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að teljast sannað í málinu, að vorið 1934 hafi verið pantaðir frá Áburðarsölu ríkisins 4